



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur 7. júní 2019

Ákvörðun nr. 19/2019

## **Kaup Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæjar-Colas hf. á öllum hlutum í Norðurbiki ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Þann 22. febrúar 2019 barst Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem tilkynnt var um kaup Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæjar-Colas hf. (hér eftir MHC) á öllum hlutum í Norðurbiki ehf. (hér eftir Norðurbik). Með bréfinu fylgdi samrunaskrá í samræmi við 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, með síðari breytingum. Um er að ræða svonefnda lengri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann. Með bréfi, dags. 14. mars 2019, var samrunaaðilum tilkynnt að samrunaskrá teldist fullnægjandi í skilningi samkeppnislaga og frestir samkvæmt lögum hafi byrjað að líða hinn 25. febrúar 2019. Þann 29. mars 2019 var samrunaaðilum tilkynnt að þörf væri á frekari rannsókn samrunans.

Í kjölfar móttöku samrunatilkynningarinnar óskaði Samkeppniseftirlitið eftir sjónarmiðum og frekari upplýsingum frá samrunaaðilum, viðskiptavinum þeirra og keppinautum. Verður þeirra sjónarmiða getið eftir því sem við á í umfjölluninni hér á eftir.

### **II.**

#### **Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum MHC á öllum hlutum í Norðurbiki felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Fram kemur í samrunaskrá að MHC hafi gert kautilboð í allt hlutfé Norðurbiks. Yrði því Norðurbik dótturfélag MHC, hið minnsta fyrst um sinn. Fram kemur að ekki hafi verið tekin ákvörðun hvort félagaréttarlegur samruni verði framkvæmdur síðar meir. Mat samrunaaðila er að um sé að ræða samruna samkvæmt b. lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Í samrunaskrá kemur fram að MHC sé íslenskt hlutfélag og meginstarfsemi þess felist í framleiðslu og sölu á malbiki, auk þess sem félagið starfi við margs konar malbikunarþjónustu.



Fram kemur í samrunaskrá að Norðurbik sé íslenskt einkahlutafélag sem framleiðir og selur malbik.

Markmið samrunans samkvæmt samrunaskrá er að MHC verði samkeppnishæfur aðili á Norðurlandi og að mati félagsins sé um áhugaverða fjárfestingu að ræða. Þá felist í kaupunum einnig möguleikar á að auka veltu félagsins.

## **1. Markaðir málsins**

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Fram kemur í samrunaskrá að báðir söluaðilar starfi á markaði fyrir framleiðslu og sölu á malbiki. Samrunaaðilar benda á að í samrunaskránni sé miðað við sömu markaðsskilgreiningu og framkvæmdastjórn ESB og dómstólar ESB hafi lagt til grundvallar í framkvæmd sinni. Því sé lagt til grundvallar að markaðurinn sé afmarkaður við framleiðslu og sölu á malbiki. Jafnframt segir að staðgönguvara malbiks geti verið steypa, þá einkum í tengslum við vegalagningu, einnig götuhellur og svokölluð klæðning sem er að mestu notuð á þjóðvegum landsins en um sé að ræða sömu hráefni og í malbiki en framleiðsla og útlögn er gerð á staðnum. Mat samrunaaðila er því að í afmörkuðum útboðum og/eða framkvæmdum geti markaðurinn verið stærri, þ.e. ekki einungis bundinn við malbik.

Samrunaaðilar telja að vegalagning og önnur malbikunarþjónusta sé undirmarkaður fyrir framleiðslu og sölu á malbiki. Benda þeir í samrunaskrá á að fjölmargir aðilar starfi á markaði fyrir vegalagningu og aðra malbikunarþjónustu, svo sem Vegagerðin, Malbikunarstöðin Höfði, Loftorka, Malbikun Akureyrar, Fagverk, Munck, Akureyrarbær og Malbikun og völtun.

Þá kemur fram í samrunaskrá að MHC starfi á markaði fyrir innflutning bindiefna. Þar segir að MHC flytji inn, geymi og varðveiti öll nauðsynleg heildsöluaðföng fyrir framleiðslu á malbiki, einkum til eigin nota. Norðurblik annist ekki innflutning bindiefna. Í samrunaskrá er tekið fram að bindiefni sé annað hvort notað sem aðföng í framleiðslu á malbiki eða blandað við önnur efni í tengslum við viðhald á vegum. Efnið sé flutt til landsins og geymt í sérstökum tönkum. Telja samrunaaðilar að markaðurinn fyrir sölu á bindiefnum sé yfirmarkaður fyrir framleiðslu og sölu á malbiki.

Hvað varðar landfræðilegan markað er það mat samrunaaðila að fyrir sölu á malbiki sé hann staðbundin, í mesta lagi um 200 km frá malbikunarstöð. Skilgreina þeir landfræðilega markaði sem markað fyrir framleiðslu og sölu á malbiki á Norðurlandi, markað fyrir framleiðslu og sölu á malbiki á og umhverfis höfuðborgarsvæðið og markað fyrir framleiðslu og sölu á malbiki utan ofangreindra markaða (með færanlegum malbikunarstöðvum).

Í samrunaskrá kemur fram að fyrstu tveir landfræðilegu markaðirnir afmarkist fyrst og fremst vegna séreinkenna vörunnar sem framleidd sé. Malbik þurfi að flytja í sérstökum einangruðum flutningavögnum eða hitakössum til að koma í veg fyrir að það kólni of mikið



á leiðinni á útlagningarstað. Krafa um ákveðið hitastig og hár flutningskostnaður hafi því þau áhrif að drægni flutnings á malbiki frá malbikunarstöð sé takmörkuð.

Þá segir í samrunaskrá að MHC reki færanlega malbikunarstöð sem staðsett sé á mismunandi stöðum á landinu, allt eftir verkefnum hverju sinni. Sú stöð hafi verið notuð í stærri verkefnum á stöðum utan Norðurlands og Suðurlands, einkum í tengslum við stærri mannvirki, s.s. göng.

Vegna markaðar fyrir veglagningu og aðra malbikunarþjónustu taka samrunaaðilar fram að fjöldi fyrirtækja starfi á markaði fyrir veglagningu. Búnaður sem notaður er við veglagningu sé færanlegur og hinn landfræðilegi markaður því landið allt.

Loks kemur fram í samrunaskrá að markaður fyrir sölu á bindiefni sé landið allt. Bindiefni séu flutt til landsins og unnt að flytja þau um allt land. Hins vegar sé hár flutningskostnaður og því hægt að takmarka landfræðilegan markað sem staðbundinn. Samrunaaðilar telja að ekki sé þörf á svo þröngri landfræðilegri markaðsskilgreiningu hér.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er miðað við framkomin gögn og upplýsingar í málinu unnt að fallast á skilgreiningu samrunaaðila á landfræðilegri afmörkun markaðar málsins, þ.e. að markaðurinn fyrir framleiðslu og sölu á malbiki afmarkist við annars vegar höfuðborgarsvæðið og hins vegar Akureyri, auk þess sem færanlegar malbikunarstöðvar þjónusti önnur landssvæði.

### **III.**

#### **Niðurstaða**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppninauta, viðskiptavina og neytenda.

Samrunaaðilar telja að samruninn muni hafa lítil áhrif á neytendur. Fjöldi samkeppnisaðila muni vera sá sami í kjölfar samrunans. Hins vegar kunni félögin að geta lækkað kostnað og aukið hagkvæmni í rekstri félagana, einkum á Norðurlandi. Þá nefna samrunaaðilar að samruni félagsins kunni að leiða til hagkvæmni í heildarinnkaupum sem og að stærðarhagkvæmni muni leiða til þess að unnt verði að bjóða betri kjör en nú tíðkist á markaðnum í kringum Akureyri, neytendum til hagsbóta. Jafnframt muni Norðurbik njóta góðs af þeirri sérþekkingu sem til staðar sé hjá MHC sem leiðir til þróunar og aukinnar gæða á þjónustu félagsins.

Við rannsókn málsins aflaði Samkeppniseftirlitið umsagna frá keppinautum og viðskiptavinum samrunaaðila. Meginsjónarmiðin sem fram komu í þeim samtölum voru þau að samruninn væri ekki til þess falinn að hafa skaðleg áhrif á samkeppni á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á.



Í umsögn Reykjanesbæjar, dags. 5. mars 2019, kom fram að bæjarfélagið staðfesti þann skilning á markaðsaðstæðum að framleiðsla malbiks væri bundin landfræðilegum takmörkunum og því væri um tvö ólík markaðssvæði að ræða. Því sæi Reykjanesbær ekki meinbug á fyrirhuguðum samruna.

Í umsögn Vegagerðarinnar, dags. 5. mars 2019, kom fram að Vegagerðin legðist ekki gegn fyrirhuguðum samruna.

Í umsögn Malbikunar Akureyrar, dags. 11. mars 2019, kom fram að það væri reynsla fyrirtækisins að óraunhæft væri að horfa til landsins í heild sem eins markaðar fyrir útlögn þrátt fyrir að búnaður væri færanlegur, enda umfang búnaðar stórt og mikið og starfsemi mannfrek og kostnaðarsöm. Þá fengi Malbikunarstöð Akureyrar séð að megináherslan í starfsemi hins sameinaða félags yrði að framleiða og selja malbik og á betra verði en gert væri í dag. Samruninn myndi því gera það mögulegt að lækka verð til kaupenda.

Þá komu fram sjónarmið um að skaðlegt gæti reynst ef markaðurinn yrði of samþjappaður og að erfitt hefði reynst fyrir fyrirtæki að fá aðgang að biki á viðkomandi markaði.

Þá barst Samkeppniseftirlitinu ábending um að samrunaaðilar hefðu gert tilboð í sömu verk fyrir norðan og að samruninn kæmi í raun ekki til með að breyta því fyrirkomulagi sem þegar væri til staðar á Norðurlandi þar sem MHC leigði hluta af aðstöðu hjá Norðurbiki. Í kjölfarið óskaði Samkeppniseftirlitið eftir staðfestingu frá samrunaaðilum um hvort sú ábending ætti sér stoð í raunveruleikanum. Jafnframt óskaði Samkeppniseftirlitið eftir frekari upplýsingum frá samrunaaðilum, m.a. um slíka leigusamninga og um verk sem samrunaaðilar hefðu boðið í. Bárust þau svör og upplýsingar frá samrunaaðilum þann 16. maí og 23. maí 2019. Niðurstaða þeirrar athugunar var að ekki væri um skörun í starfsemi félaganna að ræða að þessu leyti og að viðkomandi tilvik sem nefnt hafði verið byggði á röngum upplýsingum.

Að mati Samkeppniseftirlitsins verður ekki séð að viðkomandi samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Er það einkum vegna takmarkaðrar landfræðilegrar skörunar á starfsemi félaganna. Á grundvelli alls framangreinds telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna.



**IV.  
Ákvörðunarorð**

**„Kaup Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæjar-Colas hf. á öllum hlutum í Norðurbiki ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson